



Framkvæmdatið er fram undan

● Þrjár virkjanir á Suðurlandi ● Byggt á þekkingu ● Grafa göng, reisa stíflu og byggja brú ● Landsvirkjun leitar eftir heimafólki til starfa ● Nærsamfélagið njóti ávinnings ● Risastór verkefnastjórnun

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Við gerum betur með hverri framkvæmd. Í öllum verkefnum er góð umgengni við landið og sátt við náttúru og samfélag áherslumál okkar og þar þurfa allir að vera í sama liði. Raunar eru svona framkvæmdir ein risastór verkefnastjórnun,“ segir Ásbjörg Kristinsdóttir framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun.

Austur í Landsveit eru nú hafnar framkvæmdir við undirbúning að uppsetningu vinnubúða og annars sem tilheyrir byggingu Hvammsvirkjunar. Vegagerðin mun leggja nýjan 8 km langan Búðafossveg frá Landvegi að



Þjórsárdalsvegi, með rúmlega 200 m langri brú yfir Þjórsá nærri fossinum Búða. Þar með skapast tenging milli Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps; áhrifasvæðis virkjunarinnar nýju. Framkvæmdir hennar vegna fara á fullt með vorinu. Þar er margt undir í einu; svo sem að grafa þarf göng og skurði og reisa 18 metra háa stíflu í Þjórsá, ofan við stöðvarhús væntanlegrar aflstöðvar.

Langur undirbúningstími

Undirbúningi að þremur stórum verkefnum á Suðurlandi er lokið og leyfismál í höfn vegna byggingar Hvammsvirkjunar og vindorkugarðs í Búrfellslundi. Einnig á að stækka Sigölduvirkjun; bæta þar við fjórðu vélinni svo uppsett afl fari úr 150 MW í 215 MW.

Hvammsvirkjun hefur verið lengi í deiglu, enda þykir hún hagfelldur kostur. Þannig mun virkjunin nýta sama vatnsfall og þær sjö aflstöðvar sem eru ofar í landinu á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu. Flestir þeir innviðir sem þarf eru á svæðinu, svo sem lón, línur og vegir, segir Ásbjörg.

Undirbúningur að þeim virkjanafarmkvæmdum sem nú eru að hefjast hefur tekið mörg ár. Margir hafa kom-



Tölvumynd/Landsvirkjun

Hvammsvirkjun Tilbúin aflstöð á tölvumynd. Skurðir og Viðey í farvegi Þjórsár neðan stíflu. Búrfell í bakgrunni.

id að því starfi, svo sem verkfræðingar og fleiri hjá Landsvirkjun sem hafa langa reynslu. Sjálf hóf Ásbjörg störf á þessum vettvangi fyrir meira en tuttugu árum og kom meðal annars að verkefnastjórn Kárahnjúkavirkjunar.

Viljum samráð og sátt við íbúa

„Hér er mikil þekking til staðar, til dæmis úr allra síðustu verkefnum svo sem Búðarhálsi, Þeistareykjum, Búrfellsvirkjun II og fleira. Sérfræðikunnátta okkar fólks í virkjanafarmkvæmdum er þekkt víða um lönd.“

Í undirbúningi að Hvammsvirkjun segir Ásbjörg grunnhugmyndina alltaf hafa verið hina sömu. Í samráði við íbúa og aðra hafi þó margt slípast og tekið breytingum. Lón virkjunarinnar, sunnan við bæinn Haga í mynni Þjórsárdals, verði heldur minna en áformað var. Þá hafi möguleikar á útivist, til dæmis við stöðvarhús og stíflu, verið bættir. Einnig, að fengnum ábendingum og athugasemdum, verði sett seiddafleyta við stíflu Hvammsvirkjunar, en henni sé ætlað að bæta fiskgengd í ánni.

„Samráð er afar mikilvægt í svona málum; bæði fyrir Landsvirkjun og

Virkjað á Suðurlandi

Þrjú nýframkvæmdarverkefni á Þjórsár- og Tungnaárvæði



Stækkun Sigöldustöðvar er einkum hugsuð til að auka afl stöðvarinnar. **Nýttir verða innviðir sem reistir voru fyrir hálfri öld.** Virkjunarleyfi í höfn en framkvæmdaleyfis beðið.

Hvammsvirkjun

Verður í **neðri hluta Þjórsár, innan Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.** Áttunda vatnsaflsstöðin sem nýtir vatn sem fellur til á Þjórsár- og Tungnaárvæði. Leyfi liggja fyrir og framkvæmdir eru hafnar.



Nýr vindlundur sem áformað er að reisa **við Vaðöldu í Rangárþingi ytra.** Vindlundurinn verður sá fyrsti á Íslandi. Reistar verða **allt að 30 vindmyllur.** Blaðið í hæstu hæð mun ná 150 metrum. Leyfi liggja fyrir og framkvæmdir eru hafnar.

	Hvammsvirkjun	Búrfellslundur	Sigalda
Uppsett afl	95 MW	120 MW	65 MW
Orkuframleiðslugeta	720 GWst.	430 GWst.	10 GWst.
Framkvæmdatími	2025-2029	2024-2026	2025-2027
Áformuð gangsetning	Lok árs 2029	Hefst 2026	Lok árs 2027

eins íbúana. Við viljum að eins mikil sátt ríki um verkefni okkar og kostur er og að nærsamfélag aflstöðva okkar njóti mesta mögulegs ávinnings af nábylinu við okkur,“ segir Ásbjörg.

400 manns við störf 2027

Háönn framkvæmda við Hvamm verður árið 2027. Gert er ráð fyrir að þá verði um 400 manns á svæðinu, við jarðvegsframkvæmdir, byggingar og uppsetningu vélbúnaðar. Framleiðsla í orkuverinu ætti að hefjast þegar líður á árið 2029. Önnur verkefni verða fyrir klár. Raunar er slóðagerð og önnur undirbúningsvinna hafin við Vaðöldu; í Búrfellslundi þar sem á að reisa 28 vindmyllur allt að 150 metra háar. Þar verða 150 manns við störf sumarið 2026. Sama ár verða 100 manns í Sigöldu; við að stækka stöðvarhús, setja upp fallpípur og vélar og grafa út frárennslisskurði.

Í útboði á þeim verkefnum sem fram undan eru segir Ásbjörg þess vænst að íslenskir aðilar komi sterkir inn. Ætla megi að þeir verði þá í samfloti við erlend fyrirtæki.

„Við byggingu Búrfells II fyrir 7-8 árum var IAV í samstarfi við Marti, sem er alþjóðlegt fyrirtæki. Í því verkefni voru á svæðinu um 200 manns frá 20 löndum. Skiptingin þá var að 2/3 starfsmanna voru í verklega hlutanum en 1/3 í sérfræðivinnu. Þetta nefni ég sem dæmi um hvernig samsetning á mannskap í svona vinnu getur verið,“ segir Ásbjörg og bætir við:

Hóað í heimamenn

„Í þeim verkefnum sem fram undan eru á Suðurlandi leitumst við líka við því að fá heimafólk til liðs við okkur og höfum í auglýsingum sett fram þá spurningu hvort húa megi í viðkomandi. Við byggingu virkjunar geta mörg verk hentað einyrkjum og litlum fyrirtækjum. Landsvirkjun hefur alltaf leitast við að starfa með slíkum, eins og tók eru á. Hátt í 400 manns hafa svarað þessum auglýsingum okkar og vilja stökkva í tilfallandi verkefni. Við erum mjög ánægð með þau viðbrögð heimafólks og í slíku samstarfi leggjum við áherslu á okkar gildi; svo sem sterka öryggismenningu.“



Morgunblaðið, 13.12.2024, síðu 6.
grein stærð: 357.46 sm²
grein hæð: 23.02 sm

Kúluhús og klósett voru reist án leyfis

● Útleigu húsa við Hellu hætt eftir athugasemdir nágranna

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is

„Ég hef ekkert á móti uppbyggingu en menn geta ekki bara þjónast einhvern veginn áfram. Þetta verður að fara í réttan farveg,“ segir Svavar L. Torfason, fulltrúi í skipulags- og umferðarnefnd Rangárþings ytra.

Svavar hefur gert athugasemdir við að eigendur ferðaþjónustu hafi reist kúluhús í leyfisleysi á jörð í sveitarfélaginu og byrjað að selja þar aðgang. Eftir að málið komst í hámeili nýverið var hætt að bóka gesti í kúluhúsin.

Um er að ræða jörðina Stekkatún 1 sem er við Pykkvabæjarveg, skammt frá Hellu. Hluti jarðarinnar er skilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þar voru reist 12 kúluhús sem leigð eru út undir nafninu Aurora Igloo. Í haust bættust svo fleiri hús við en þau eru reist á hluta jarðarinnar sem skilgreindur er sem landbúnaðarsvæði og því er um óleyfisframkvæmd að ræða. Nágrannar sem Morgunblaðið ræddi við segja að húsin séu 15 talsins og óttast þeir ónæði sem af þeim skapist. Engin kynning hafi farið fram.

„Það komu drög að þessum áformum inn í skipulagsnefndina. Þar var þeim sagt að fara sömu leið og aðrir í deiliskipulagi en allt í einu spretta upp 15 kúlar og klósetthús með þeim. Þetta er allt í óleyfi. Ég spurði hvort ekki ætti það sama að ganga yfir alla en það þóttist enginn vita neitt,“ segir Svavar.

Áskilja sér rétt til skaðabóta

Samkvæmt tillögu sem kynnt var í skipulags- og umferðarnefnd var stefnt að því að stækka verslunar- og þjónustusvæðið úr 6,7 hekturum í 44 hektara. Hámarksbyggingarmagn á svæðinu átti að aukast úr 510 fermetrum í allt að 1.600 fermetra. Nokkrar umsagnir bárust við þessi áform þegar þau fóru í kynningu sem lauk í lok síðasta mánaðar. Þar á meðal frá nágrönnum sem mótmæltu harðlega enda muni ferðaþjónustusvæðið



Morgunblaðið/Óli Már Aronsson

Uppbygging Hluti nýju kúluhúsanna sem reist hafa verið við Stekkatún, skammt frá Hellu. Íbúar á svæðinu hafa mótmælt þessari uppbyggingu.


tæplega sjöfaldast að umfangi. Segir í bréfi þeirra að nú þegar séu truflandi áhrif af ferðaþjónustunni og ekki verði unað við þessa stækkun án nokkurs samráðs. Áskilja þeir sér rétt til að sækja bætur á hendur sveitarfélaginu verði þessi áform að veruleika enda leiði þau til verðfalls á landi í næsta nágranni.

Hvattir til samráðs við íbúa

Umrædd uppbygging var til umræðu á fundi skipulagsnefndar fyrir skemmstu og þar kom fram að skipulagsfulltrúi og formaður nefndarinnar hefðu rætt við umsækjendur og í kjölfarið hefðu þessi áform verið minnkuð verulega. Í fundargerð nefndarinnar eru framkvæmdaraðilar hvattir til að halda samráðsfund með landeigendum og nágrönnum til að

skapa grundvöll fyrir sátt og tryggja að allir hagsmunaaðilar fái tækifæri til að hafa áhrif á þróun málsins.

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í Rangárþingi ytra, segir að fimm hús hafi verið komin í rekstur og byggingarfulltrúi hafi gert athugasemdir við það þegar hann frétti að þar væri hafin starfsemi. Hann viti ekki betur en að þeirri starfsemi hafi þá verið hætt. „Þetta var í skipulagsferli, á fyrstu stigum þess, en sveitarfélagið var ekki búð að samþykkja neitt,“ segir Jón. Hann jatar fúslega að það sé „ekki gott“ að slík óleyfisstarfsemi hafi verið sett í gang. Nú verði að koma í ljós hvort ný skipulagstillaga með smærri áformum verði lögð fram og þá muni hún fara í sinn farveg. „Svo er spurning hvort það sé nóg, það á eftir að koma í ljós.“



Hófleg nýting rauður þráður svæðisskipulags

SVIÐSLJÓS

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is




Innvíðir sem bæta aðgengi og auka öryggi ferðalanga, verndun náttúruaúðlinda og sjálfbær nýting. Jafnvægi skal vera milli verndar og nýtingar lands til ferðaþjónustu, útivistar og annarrar landnýtingar. Einnig aðlögun að loftslagsbreytingum og mótvægisáðgerðir sem draga úr áhrifum þeirra. Þetta eru áhersluatriði í svæðisskipulagi Suðurlandis 2022-2042. Samningar um efni þess og framkvæmd voru undirritaðir í síðustu viku. Með því öðlast plaggjöð lagalegt gildi og verður leiðarljós næstu árin. Svæðisskipulagið nær yfir hálendis hluta níu sveitarfélaga á Suðurlandi: Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ásahrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafingshrepps. Einnig hafa Flóahreppur og Árborg tekið þátt í verkefninu, en afreittarlönd þeirra eru á hálendinu en þó innan landamæra annarra sveitarfélaga.

Svæðisskipulag er áætluð tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna um byggðapróun og þá þætti landnotkunar þar sem samræma þarf hagsmuni. Undir er þá svæði sem myndar heild í landfræðilegu, hagrænu og félagslegu tilliti. „Hófleg nýting og verndun náttúru er rauði þráðurinn í svæðisskipulaginu,“ segir Helgi Kjartansson, oddviti í Bláskógabyggð. Hann var formaður nefndar sem skipulag þetta vann, það er í samvinnu við ráðgjafa og fagfólk.

Vegir falli vel að landinu

„Að koma svona áætlun saman tók alls fimm ár, enda þarf margt að tvinna saman,“ segir Helgi. „Sameiginleg sýn var svipuð þegar allt kom til alls; en auðvitað þurftu umræður og skoðanir að þroskast. Sérstaklega var áhugavert að fjalla um stefnumörkun um samgöngur á hálendinu. Þar mörkum við m.a. þá stefnu að stofnvegir á hálendinu skuli falla vel að landi en vera vel byggðir. Ótækt er að í leysingum á vori renni úr þeim svo óferir verði. Hugmyndir um veg þvert yfir hálendið sem stundum koma upp eru þó alveg fyrir utan þetta.“

Skipulagssvæði á Suðurlandi



Helgi Kjartansson



Eggert Valur Guðmundsson

Í kynningu segir að með svæðisskipulaginu liggja fyrir stefna um gerð og gæði þjóðvega, flokkun og uppbyggingu ferðaþjónustustaða og verndun landslagsheilda og sérstæðrar náttúru. Þetta sé mikilvægt áfangi og hugsanlega gefi þetta tóninn fyrir sameiginlega stefnu um skipulagsmál á láglandinu.

Vegamál eru veigamikill þáttur í svæðisskipulaginu nýja. Þar segir að þá vegi skuli gera greiðfæra 5-6 mánuði ársins og byggja upp í góðri sátt við náttúru. Sérstaklega er horft til þess að hækka vegina um Kaldadal, Kjöl, Sprengisand og Fjallabak upp úr landinu. Stofnvegir verði að jafnaði með klæðningu og ár og lækir brúaðir. Ekki er gert ráð fyrir að Fjallabaksleið nyrðri verði með klæðningu austan Landmannalauga. Leitast skal við að vegir fylgi línunum

í landinu, hryggjum og hæðum og skaði ekki líft snortna náttúru. Sama skuli gilda um rafmagnslínur.

Í kaflanum um ferðamennsku á hálendinu er fjallað um þjónustustaði, en uppbygging þeirra skuli taka mið af náttúru og staðhættum, svo sem náttúruvá, lífríki, jarðmyndunum, minjum og landslagi. Þá er gert ráð fyrir hálendismiðstöðvum í Kerlingarfjölum, Árbúðum við Kjalveg, Hólaskjól við Fjallabaksleið nyrðri, Hrauneyjum við Sprengisandsleið, í Húsadal í Þórsörk og í Hólaskógi í Þjórsárdal.

Óskir og áform

„Að nú hafi verið sett niður á blað sameiginleg sýn um nýtingu hálendisins hér sunnanlands er fagnaðar efni,“ segir Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra. „Óháð sveitarfélögum hefur nálgun fólks á þessi mál verið mjög svipuð, það er að hægt skuli fara í allri landnýtingu á fjöllum. Raunar þarf að standa fast í ístaðinu nú þegar sífellt meiri þungi er í óskum og áformum um framkvæmdir, samanber hugmyndir um vindmyllur, háspennulínur, vatnsaflstöðvar, fjallaskála, vegi og svo mætti áfram telja. Hóf er mikilvægt og að mannvirki verði ekki reist nema á þegar röskuðu svæðum.“



Morgunblaðið/Óli Már Aronsson

Byggingin Eins og sjá má á myndinni er húsið risið þótt það sé ekki fullbúið.

Húsið fokhelt án byggingarleyfis

● Eigandinn telur sig með byggingarrétt

Dóra Ósk Halldórsdóttir

doraosk@mbl.is

„Við erum enn að bíða eftir skipulagi á þessari lóð á Rangárflötum 6,“ segir Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings ytra, en á lóðinni sem er sunnan megin við Stracta-hótelíð á Hellu er engu að síður risið fokhelt hús. Hreiðar Hermannsson eigandi hótelsins hafði verið að byggja hús á eigin lóð, en fór út fyrir lóðina sem hann hafði byggingarrétt á, yfir á lóð í eigu sveitarfélagsins.

Þegar hann er spurður hvort hægt sé að byrja að reisa hús án þess að skipulag fyrir lóðina sé samþykkt segir Haraldur Birgir svo ekki vera, en engar fundargerðir um skipulag eða byggingarleyfi þar að lútandi eru á vefsvæði sveitarfélagsins.

„Samkvæmt lögum má það ekki, en það er ekki þar með sagt að menn geri það ekki. Svo við urðum að bregðast við. Ég stöðvaði framkvæmdir á lóðinni á húsi sem hann hefur ekki leyfi fyrir. Í kjölfarið sækir hann um lóðina sem hann er kominn inn á og sveitarstjórnin úthlutar honum lóðinni með þeim skilyrðum að það skuli lagt fram skipulag og annað til að hægt sé að gefa

út byggingarleyfi á grunni skipulags eins og lög gera ráð fyrir. Tímaramm-inn er löngu liðinn hvað mig varðar, því ég hef ekki fengið skipulagið í hendurnar og ekki gefið út byggingarleyfi.“

Telur sig með byggingarrétt

Hreiðar Hermannsson eigandi Stracta-hótelanna kannast ekki við að hafa ekki leyfi fyrir að reisa húsið sem er fokhelt á lóðinni á Hellu. „Ég er búinn að kaupa mikið land þarna og borga allt saman og var búinn að fá þessa lóð, en bæjarfélagið tók hana af mér, endurgreiddi hana og skilaði henni svo aftur. Upphaflega voru þau skilyrði að þarna yrði byggt íbúðarhús, en ekki atvinnuhúsnæði, en ég er að fara að byggja verslun og íbúðir þarna fyrir framan hótelíð.“

Byggingarfulltrúinn segir þó Hreiðari til varnar að hann hafi hafið bygginguna á húsinu í góðri trú, því hann hafi haldið að það væri innan marka lóðar sem hann átti og hafði byggingarrétt á. Sú var hins vegar ekki raunin og þess vegna er komin upp þessi sérkennilega staða. Ekki náðist aftur í Harald byggingarfulltrúa til að bera undir hann fullvissu Hreiðars um að hann væri kominn með byggingarrétt á lóðinni.



Miðgarður.

Mynd /Aðsend

Lækjarbakki flyst í Gunnarsholt

Ákveðið hefur verið að flytja meðferðarheimilið Lækjarbakka í Gunnarsholt á Rangárvöllum.

Meðferðarheimilið hefur verið starfrækt síðustu ár á Geldingalæk í Rangárþingi ytra en húsnæði þess er ónýtt. Lækjarbakki flytur í húsnæðið Miðgarð. Land og skógur eru með starfsemi í húsinu í dag en mun flytja þá starfsemi í önnur hús á staðnum, að því er fram kemur í tilkynningu frá mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Þar kemur einnig fram að Lækjarbakki er eina heimili sinnar tegundar á Íslandi, sem býður upp á langtímameðferð fyrir drengi á aldrinum 14 til 18 ára, sem glíma við alvarlegan vanda vegna til dæmis vímuefnaneyslu, ofbeldis, afbrota, skóla- og námserfiðleika eða sálfélagslegan vanda, þegar önnur úrræði duga ekki til.

Starfsemi Lækjarbakka er á vegum Barna- og fjölskyldustofu en á heimilinu dvelja allt að sex drengir hverju sinni í um sex mánuði í senn, stundum lengur ef ástæða þykir til.

/mhh